

Atli Harðarson

Aristóteles Valaoritis og kvæðið um Lýða gamla og byssuna hans¹

Aristóteles Valaoritis (Αριστοτέλης Βαλαωρίτης, 1824-1879) fæddist á eyggi Lefkaða (Λευκάδα). Hann gekk í skóla á Kerkyra (Κέρκυρα), síðan í Genf í Sviss og loks í Pisa á Ítalíu þar sem hann lauk doktorsprófi í lögfræði. Hann lét töluvert til sín taka í grískum stjórnámálum upp úr miðri 19. öld en nú er hans einkum minnst fyrir ljóðagerð.

Eftir að Valaoritis lauk námi við Jónísku akademíuna á Kerkyra 17 ára gamall árið 1841 og þar til hann lauk doktorsnáminu í Pisa árið 1848 fór hann víða um Evrópu, frá Grikklandi í suðri og austri til Skotlands í norðri og vestri. Hann naut þess að vera glæsilegur, vel efnum búinn, góður skilm-ingamaður og djarfur í meira lagi. Á þessum ferðum kom hann að uppreisnum og andófi af ýmsu tagi og var nokkrum sinnum handtekin, síðast í Búdapest þar sem hann tók þátt í róstum byltingarárið mikla 1848.

Á ferðum sínum kynntist Valaoritis stjórnálahugsun, bókmenntum og heimspeki samtímans. Hann las til dæmis verk Schillers þegar hann fór um Týról. Meðal annarra andans jöfra sem höfðu áhrif á hann má nefna Hugo og Byron. Sá síðarnefndi var honum fyrirmynd í því að fara víða og elta uppi ástir og ævintýri.

Í ljósi þessarar ævisögu er skiljanlegt að í ljóðum Valaoritis megi ekki aðeins finna áhrif frá grískum bókmenntum allt frá klassískri fornöld til alþýðlegra þjóðkvæða og þjóðsagna úr eigin samtíð heldur líka frá Sturm und Drang, rómantík og frelsishugsjónum nítjándu aldar.

Eftir að vinir föður hans fengu Valaoritis lausan úr fangelsi austurrískra yfirvalda í Búdapest fór hann heim til Lefkaða. Þremur árum síðar var hann í Feneyjum þar sem hann trúlofaðist konu að nafni Eloisa Typaldos árið 1851. Faðir hennar var grískur aðalsmaður búsettur á Ítalíu. Þau giftu sig árið eftir og varð hjónaband þeirra farsælt. Heimildir benda til að þau hafi haft svipaðar hugsjónir og áhugamál og hún átt sinn þátt í velgengni hans og frægð í heimi bókmenntanna.

Ferill Valaoritis í grískum stjórnámálum hófst með þátttöku hans í baráttu fyrir því að Jónísku eyjarnar sameinuðust gríska ríkinu. Þessar eyjar eru stundum kallaðar „Eyjarnar sjö“. Nyrst þeirra er Kerkyra, sem stundum er kölluð Corfu og er á mótis við landamæri Albaníu og Grikklands. Hinar sex eru þar suður af ásamt mörgum smærri eyjum, sú syðsta, Kyþira (Κύθηρα), er sunnan við Pelópsskaga. Á fyrri hluta 19. aldar voru þessar eyjar undir stjórn Breta, áður réðu Frakkar yfir þeim og þar áður Feneyingar. Þarna voru menningaráhrif frá Vestur-Evrópu meiri en í þeim hlutum Grikklands sem laut valdi Tyrkja frá 15. öld þar til Grikkir stofnuðu eigið þjóðríki á þriðja

¹ Birtist í *Són: Tímariti um óðfræði*, 18. árg. 2020, bls. 89–93

áratug 19. aldar. Þarna var læsi líka útbreiddara í byrjun nítjándu aldar en víðast hvar meðal grískumælandi fólks og skólahald og menningarlíf heldur blómlegra.

Valaoritis var kosinn á þing Eyjanna sjö árið 1857 og þegar þær sameinuðust Grikklandi, árið 1864, var hann kjörinn á þingið í Aþenu. Hann lét af þingmennsku árið 1869 eftir að honum hitnaði svo í hamsi á þingfundi að hann rak öðrum þingmanni kinnhest. Síðustu æviárin hélt Valaoritis sig á æskuslóðum sínum og bjó á smáeynni Maðúri (Μαδουρή) sem er rétt hjá Lefkaða.

Í grískri bókmenntasögu er Valaoritis jafnan kenndur við Eyjarnar sjö. Önnur þekkt Sjö-eyja-skáld (Επτανήσιοι ποιητές) eru Dionysios Solomos (Διονύσιος Σολωμός, 1798-1857), sem er höfundur gríska þjóðsöngsins, og Anðreas Kalvos (Ανδρέας Κάλβος, 1792-1869).

Sjö-eyja-skáldin voru frumkvöðlar í ljóðlist á alþýðumáli samtímans – þeirri grísku sem enn er töluð og nefnd „ðimotiki“ (Δημοτική) til aðgreiningar frá bókamáli sem tíðkaðist meðal lærðra manna þar sem haldið var í fornlegt orðfæri og beygingamyndir. Þetta fornlega ritmál er kallað „kaparevúsa“ (Καθαρεύουσα) og var mál ríkis og kirkju fram eftir síðustu öld. Skólabörn þurftu að skrifa á því sína stíla og dagblöðin og stjórnsýslan reyndu að hafa allt á þessu skrítna máli sem raunar var aldrei hversdagslegt talmál. Þetta var ekki formál heldur tilraun til að fyrna nútímamál og setja því reglur sem sumar komu illa heim við málkennd fólks. Kaparevúsa setur enn svip á orðfæri fjölmiðla og stjórnsýslu en flest skáld og listamenn seinni tíma fylgja fordæmi Valaoritis og hafna þessu heldur tilgerðarlega máli sem er töluvert frábrugðið talmáli alls almennings.

Valaoritis var vel að sér um gríska málsögu og gat brugðið fyrir sig tungutaki frá ólíkum öldum. Fyrsta ljóðabók hans, Stighúrgimata (Στιχουργήματα), kom út 1847 og málið á henni er beggja blands þar sem hann notar bæði orðfæri alþýðlegs nútímamáls og kaparevúsa. Tíu ár liðu þar til næsta ljóðabók hans, Mnimosyna (Μνημόσυνα), kom út árið 1857. Á þessum tíu árum mótaðist afstaða hans til þjóðtungunnar og hann hafnaði algerlega sjónarmiðum þeirra sem vildu fyrna málið og nota ritmál sem var ólíkt talmáli almennings. Kaparevúsa var, sagði hann, ok sem skáld nútímans skyldu varpa af sér.

Kvæðið um Lýð gamla og byssuna hans (Ο Δήμος και το καριοφίλι του) er eitt af ástsælustu ljóðunum í þessari bók frá 1857. Það er ort í stíl grískra þjóðkvæða þar sem hver lína er fimmtán atkvæði og orðfærið minnir á alþýðukveðskap, einfalt og tært. Hetja kvæðisins er fjallabjófur (κλέφτης) sem heitir ðimos (Δήμος) á grísku. Mér finnst við hæfi að hann heiti Lýður á íslensku því það nafn hefur sömu merkingu.

Í sögum frá þeim tíma þegar Grikkland laut stjórn Tyrkja er líf fjallabjófa sveipað ævintýraljóma. Þessar sögur minna um sumt á sögurnar af Hróa hetti því menn þessir lágu úti í óbyggðum og gerðu yfirstéttinni skráveifur en hjálpuðu kúgaðri alþýðu.²

² Meginheimild fyrir þessum inngangi er bókinn *Aristotelis Valaoritis* eftir Constantine Santas (Twayne Publishers, Boston 1976) en einnig er stuðst við kennslubækur í bókmenntasögu fyrir gríska skóla og grein á grísku Wikipediunni https://el.wikipedia.org/wiki/Αριστοτέλης_Βαλαωρίτης.

Lýður gamli og byssan hans³

Að mér sækir elli fast, aldarhelming fjallapjófur
órótt svaf og er því, börn, orðinn næsta hvíldarþurfi.
Fara vil í fleti mitt. Finn ég þorna gamalt hjarta.
Drjúgt hef ausið dreyrans lind, dropi hver af blóði þorrinn.

Fara vil í fleti mitt. Finnið grein af landsins meiði,
heiðarlauf með ljúfan ilm, látið vera fullt af blómum
þar sem mér er búið ból, brátt svo geti lagst til hvíldar.

Enginn veit hvert völdugt tré vaxa mun á legstað mínum.
Fundarstað þar limar ljá laufgist skuggsæll krónubreiður,⁴
þar sem staldra vaskir við, vopn sín ungir fjallapjófar
hengja upp, mitt æskuþor eignast líf í söngvum þeirra.
Ef þeir finna gróa á gröf grátvið búinn sorgarklæðum
ungir fjallapjófar þá, þar af baðmi aldin taka,
lauga undir, lækna sár, Lýði veita hvíld í friði.

Manndómsárin orrahríð, eld og járn ég mátti reyna.
Ekki gráta ungu menn. Upp er runnin hinsta stundin.
Þegar kappi djarfur deyr, drengur yngri fyllir skarðið.
Komið allir kringum mig. Komið standið hérna nær mér,
að lykja aftur augum tveim og að þiggja blessun mína.

Kappi sá sem yngstur er upp skal klífa fjallahrygginn,
riffill minn sé með í för, mætast vopn úr Karlasmiðju,⁵
og hjá tindum skjóta skal skotum þrem úr byssu minni:
„Kom að ævilokum Lýðs. Lýður gamli hann er farinn.“
Óma hvellir, ymjá gil, undir taka klettaborgir,
höfuðskepnur harm sinn tjá, húmi sveipast vötn og lindir,
fjallaloftsins ferski blær fjöðrum sviptur bærisk ekki,
andvarinn sem unað bar, eins og dauður leggst hann niður
að hann færi ei með sér óviljandi þessar drunur,
upp þeim feyki á Ólympstind eða Pindusfjöll svo leysi
þar af hæstu hnúkum mjöll. Heiðarlönd þá sölna mundu.

³ Þýtt úr grísku eftir textanum á http://www.greek-language.gr/digitalResources/literature/tools/concordance/-browse.html?cnd_id=3&text_id=244.

⁴ Trjátegundina platanus (πλάτανος) kalla ég krónubreið og hugsa mér að orðið beygist eins og Skjaldubreiður. Þessi þýðing nær hugsuninni á bak við gríska nafnið og mér finnst hún hæfa trénu betur en heitið „miðjarðarhafshlynur“ sem oft er notað um þessi völdugu tré.

⁵ Á frummálinu heitir byssan kariofili (καριοφίλι) en það nafn er grísk afbökun á heiti ítalskra byssusmiða sem hétu Carlo e figli. Vopn úr smiðjum þeirra voru algeng á Grikklandi í byrjun nítjándu aldar.

Hlauptu drengur, hlauptu skjótt, hátt að klífa brattar leiðir.
Láttu óma loftin blá, langar mig í gegnum svefninn
hinna sinn að heyra skot, hátt sem gjalla úr byssu minni.

Ungur fjallapjófur þaut, það var líkt og hjörtur rynni,
hrópar upp við hamraborg, hárrí röddu þrisvar sinnum:
„Kom að ævilokum Lýðs. Lýður gamli hann er farinn.“
Þar sem klettur kallast á, klif og hamrar, bergmálsraddir
gjalla hæst, hann hleypir af. Hljóma fyrsta skot og annað.
Með því þriðja magnar raust mætast vopn úr Karlasmíðju,
opnum kjafti öskrar hátt, eins og skepna kvik sem beljar.
Fellur hún úr höndum sveins, hnígur sár í mold á jörðu,
skreiðist fram á bjargsins brún, byssan hrapar niður í gilið.

Pungan Lýður gamli gný gegnum djúpan svefninn heyrir,
leikur um hans ásýnd bros, armar mynda kross á bringu.
Kom að ævilokum Lýðs. Lýður gamli hann er farinn.

Þegar skot með þrumuraust þarna hljóma ofar skýjum
er sem hraustum ógnarbíld einhver mitt í gný og drunum
svári og bjóði bróðurfaðm burtsofnuðum fjallapjófi.